

Skýrsla foreldraráðs fyrir skólaárið 2021-2022

Í ár sátu fjórir foreldrar í foreldraráði og er það samrekið með foreldrafélaginu á þann hátt að sömu aðilar sitja í þeirri stjórn. Í stjórn sitja: Ragna Magnúsdóttir, Andrea Ösp Pálsdóttir, Stefnir Gíslason og Guðmundur Bragason.

Starf vetrarins hefur gengið vel. Haldnir hafa verið reglulegir fundir yfir árið og foreldraráð hefur verið í góðu samstarfi við leikskólastjóra. Ráðið kom meðal annars að mótun skólanámsskrár fyrir í vetur. Nú í vor fór leikskólastjóri einnig vel yfir drög að skóladagatali næsta vetrar, fór yfir innra mat leikskólans og kynnti starfáætlun næsta árs. Foreldraráð gerir ekki athugasemdir við starfáætlun né skóladagatal. Þá tekur foreldraráð undir þær niðurstöður sem koma út úr innra mati þar sem kemur fram að mikil ánægja ríkir meðal foreldra með leikskólann og starf hans. Ekki hefur ráðinu borist neinar umkvartanir en ráðið finnur fyrir samhug og almenntri ánægju foreldra með leikskólann.

Fyrir hönd foreldraráðsins

Ragna Magnúsdóttir